



SUÐURNESJABÆR

Suðurnesjabæ, 27. janúar 2022  
1902075 JKH

00.0

Alþingi  
Nefndarsvið  
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu Suðurnesjalínu 2.  
152. löggjafarþing, 11. mál, þingskjal nr. 11.

Á 89. fundi bæjarráðs Suðurnesjabæjar þann 26. janúar 2022 var til umfjöllunar erindi frá Alþingi, til umsagnar frumvarp til laga um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu Suðurnesjalínu 2.

Eftirfarandi er bókað um málið í fundargerð bæjarráðs:

*Undirbúningur að uppbyggingu Suðurnesjalínu 2 hefur staðið yfir á annan áratug og ennþá er ekki komin niðurstaða um hvernig línan verði lögð. Núverandi staða málsins er algerlega óviðunandi. Það er fyrir löngu orðið mjög aðkallandi að auka afhendingaröryggi raforku til Suðurnesjabæjar, sem og til að mæta eftirspurn og þörf fyrir aukna raforku bæði vegna mikillar fjölgunar íbúa og uppbyggingar atvinnulífs í sveitarfélaginu. Bæjarráð Suðurnesjabæjar leggur áherslu á að það er brýnt og aðkallandi að fá niðurstöðu varðandi uppbyggingu Suðurnesjalínu 2 og að framkvæmdir hefjist sem allra fyrst. Bæjarráð gerir þá kröfu að allir viðkomandi aðilar að leggi sitt af mörkum til lausnar málsins, hvort sem það á við um viðkomandi sveitarfélög, Landsnet eða stjórnvöld sem málið varðar, stofnanir ríkisins, ráðuneyti og Alþingi.*

Umsögn bæjarráðs Suðurnesjabæjar er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllt

Magnús Stefánsson  
bæjarstjóri

